



Minnisblað

Málþing með notendum Faxaflóahafna sf.

Málþing Faxaflóahafna var haldið fimmtudaginn 7. nóvember 2019, kl. 16-18:00 í Hörpu. Kynnt var það sem er efst á baugi hjá Faxaflóahöfnum og aðilum á hafnarsvæðum fyrirtækisins. Fundurinn var opinn öllum og voru aðilar með starfsemi á hafnarsvæðum fyrirtækisins hvattir til að mæta. Alls mættu í kringum 80 manns á málþingið.

Eftirfarandi aðilar héldu fyrirlestra:

- **Ávarp formanns**
Skúli Þór Helgason, stjórnarformaður
- **Yfirlit hafnarstjóra um verkefni og framkvæmdir ársins 2020**
Gísli Gíslason, hafnarstjóri
- **Uppbygging á Austurbakka – skipulag í Örfirisey**
Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi
- **Rafmagn til skipa – framhald mála**
Gunnar Tryggvason, aðstoðarhafnarstjóri
- **Hátækni vöruhús Innnes**
Jóhanna Þ. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Innness
- **Átakið #kvennastarf**
Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Skipstjórnar- og Véltækniskóla Tækniskólans

Spurningar og fyrirspurnir sem komu á málþinginu.

1. Innness

Af hverju var ekki íslenskum verkfræðistofum treyst fyrir hönnun og framkvæmd að nýju hátækni vöruhúsi.

Svar: Ákveðið var að leita til aðila erlendis sem höfðu þekkingu á þessu sviði.

2. Faxaflóahafnir

Spurt var hvort fylgjast ætti ekki betur með þeirri mengun sem kemur frá farþegaskipum.

Svar: Þann 1.janúar 2020 verða innleiddar breyttar alþjóðlegar reglur um brennisteinsinnihald í skipaolíu utan ECA svæða. Þar verður hámarks brennisteinsinnihald olíu 0,5% í stað 3,5%. Faxaflóahafnir hyggjast staðsetja

mælitæki í Sundahöfn sem mæli loftgæði á hafnarsvæðinu, þannig að hægt sé að bregðast við þegar upp koma frávik.

3. Skipulag Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna

Fram komu hugleiðingar um skemmtiferðaskip og fyrirhugaða dýpkun í Viðeyjarsundi og var m.a. kvartað yfir því að upplýsingar um tilstandandi landfyllingu nærri Sundahöfn hefðu ekki verið auglýstar nóg, þ.e. að aðeins hefði birst ein auglýsing rétt fyrir jól 2018. Einnig var lýst yfir áhyggjum yfir því að það húsnæði sem myndu koma á þessa fyllingu myndu skyggja á útsýni til Viðeyjar og inn sundið.

Svar: Formaður skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar fór yfir feril breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi samkvæmt lögum og að auglýsingartíma sé framfylgt. Því standist það ekki að fyrirkomulag um núverandi landfyllingu hafi ekki verið auglýst nóg. Þegar komi að deiliskipulagi á þessum reit verði tekið tillit til umhverfisins.

4. Faxaflóahafnir

Spurt var hvort að búið væri að ákveða lóðaúthlutun fyrir smáhýsi á Héðins götu 8.

Svar: Hafnarstjóri greindi frá því að það ætti að taka þetta málefni fyrir á stjórnarfundi Faxaflóahafna, 8. nóvember.

5. Átakið #Kvennastarf

Skólastjóra Skipstjórnar- og Véltækniskóla Tækni-skólans var hrósað fyrir gott og þarf myndband, sem hvetur til þess að konur sæki meira um karllæg störf.